

# Vistfræðifélag Íslands – fréttabréf

8. maí, 2012

Kæru félagar,

Háannatími vistfræðinga er á næsta leiti og tímabært að færa fréttir af starfsemi félagsins.

## Aðalfundur

Aðalfundur félagsing var haldinn fimmtudginn 22. mars og fylgir fundargerð hans í sérstöku viðhengi (verður einnig aðgengileg á vefsíðu félagsins).

## Fræðsluferðir

### Vatnsmýrin 21. maí kl. 17:15.

Safnast verður saman við aðalinngang Öskju mánudaginn 21. maí kl. 17:15 og gengið umhverfis friðlandið í Vatnsmýrinni. Rætt um framkvæmdirnar sem þar eru í gangi, gildi þess að varðveita svæði af þessu tagi í borgarlandi og rætt almennt um endurheimt votlendis. Boðið verður upp á hressingu að lokinni göngu. Reiknið með ca. klukkutíma. Leiðsögumaður verður Ingibjörg Svala Jónsdóttir.

### Friðland í Flóa 4. júní kl. 18.

Stefnt er að kvöldgöngu í Friðlandinu í Flóa mánudagskvöldið 4. júní. Hist verður við fuglaskoðunarhúsið kl. 18 og genginn hringur um friðlandið. Ekið er upp hjá Sólvangi norðan við Eyrarbakka. Spjallað verður um rannsóknir á fuglum og smádýralífi. Leiðsögumenn verða Tómas Grétar Gunnarsson og Jón S. Ólafsson. Gott er að koma í stígvélum og nesti er skemmtilegt.

## Ráðstefnur

### Vistfræðiráðstefna

Í framhaldi af aðalfundi og umræðum um hvernig mætti best uppfylla hlutverk félagsins ákvað stjórnin að boða til almennrar vistfræðiráðstefnu í haust. Stefnt er að því að ráðstefnan verði þann 17. nóvember næstkomandi. Áhersla skal lögð á einfaldleika, dagskrá opna öllum sem vinna að vistfræðirannsóknum og að dagskrá verði brotin upp með löngum kaffihléum. Takið daginn strax frá. Nánari upplýsingar koma eftir sumarið.

### Minningarráðstefna um Pál Hersteinsson

Til stóð að halda ráðstefnuna í samvinnu við Spendýrafélagið þann 13. október í haust, en henni hefur nú verið frestað fram á næsta ár. Dagsetning tilkynnt síðar.

## Vefsíða félagsins

Við minnum á vefsíðu félagsins: [vistis.is](http://vistis.is). Við hvetjum félagsmenn til að senda okkur tilkynningar sem eiga erindi til vistfræðinga með því að senda á [vistfraedifelag@gmail.com](mailto:vistfraedifelag@gmail.com) og Cc á [isj@hi.is](mailto:isj@hi.is).

Stjórn Vistfræðifélags Íslands